

Alþingi
Erindi nr. P 143/1735
komudagur 1.5.2014

1.5.2014

Kæra efnahags- og viðskiptanefnd,

Vegna 485. máls, frumvarps um leiðréttingu verðtryggðra fasteignaveðlana. Rétt er að benda á að ekki er gætt ekki jafnræðis gagnvart öllum þeim er rétt eiga á leiðréttingu samkvæmt fyrirliggjandi frumvarpi. Sumir munu ekki fá leiðréttingu, eða fá aðeins skerta leiðréttingu, þrátt fyrir að eiga rétt á henni skv. frumvarpinu. Á það t.d. við um þá sem selja íbúð og eru í námi á því tímabili, eða hluta þess, sem leiðréttingin fer fram skv. frumvarpinu. Nauðsynlegt er að gæta jafnræðis og tryggja öllum leiðréttingu sem eiga rétt til hennar.

Þar sem í frumvarpinu er gert ráð fyrir að leiðrétting fari fram í gegnum fasteignaveðlán eða persónuafslátt má ná til fleiri með því að framlengja tímabilið sem heimilt er að nýta sérstakan persónuafslátt. Rétt er þó að hafa tvennt í huga. Algengt er að framhaldsnám erlendis geti verið upp undir átta ár og jafnvel lengur. Þá snúa ekki allir heim beint að loknu námi heldur ljúka við rannsóknir og störf (t.d. post-doc) að loknu námi við erlenda háskóla. Rétt væri að kanna önnur úrræði til að framkvæma leiðréttingu til þeirra sem eiga rétt til þess. Má í því sambandi hugsa sér niðurfellingu á fyrirliggjandi námslánnum hjá LÍN eða aðra endurgreiðslu í gegnum skattkerfi, jafnvel beina endurgreiðslu að uppfylltum skilyrðum sem koma í veg fyrir að viðkomandi fái ekki leiðréttingu sem réttur er fyrir.

Virðingarfyllt,
Kristinn Már Ársælsson
1. maí 2014